

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
	Dagsetning:	1. júní 2021	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Valhöll		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	DH		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármansdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Gylfi Ólafsson (GÓ), Bergþóra Þorkeldsdóttir (BP) og Dagrún Hálfánardóttir (DH), framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Steinn Jóhannsson (SJ).		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 1. júní 2021

1. Stjórnarmenn kynntu sig

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar hófst á því að stjórnarmenn kynntu sig.

2. Fundargerð 6. maí 2021

Fundargerð stjórnarfundar 6. maí 2021 samþykkt.

3. Fundargerð aðalfundar 19. maí 2021

Lagðar til smávægilegar lagfæringar á fundargerð aðalfundar sem Árni Bragason þáverandi ritari FFR mun skoða. Að öðru leyti var fundargerð samþykkt og verður birt á heimasíðu félagsins eftir yfirferð ÁB.

4. Skipting starfa nýrrar stjórnar

Stjórnarmenn samþykktu að SJ yrði ritari, HP gjaldkeri og ÁÁ varaformaður.

5. Fulltrúar í samráðshóp um kjaramál forstöðumanna

ÁÁ og SJ (með fyrirvara um samþykki hans) verða fulltrúar FFR í samráðshópi um kjaramál en hópurinn hittir fulltrúa KMR mánaðarlega á samráðsfundum.

6. Beiðni fyrrverandi félagsmanns um fund

Fyrrverandi félagsmaður óskaði eftir fundi með fulltrúum stjórnar FFR vegna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli hans. Umrædd niðurstaða er ekki birt á vef umboðsmanns. Málið lýtur að auglýsingu tiltekens embættis og skipunarferli ráðuneytis. Ákveðið að KS og ÁÁ fundi með viðkomandi auk framkvæmdastjóri FFR.

Félagið hefur barist fyrir því að verkferlið við auglýsingu embættis og að skipunarferlið allt sé gegnsærra en raun ber vitni í mörgum tilvikum. Ráðuneyti sum haga framkvæmd með þeim hætti líkt og vinnureglur um skipunarferlið séu til. Félagið leggur áherslu á að ráðuneyti auglýsi laus embætti í tæka tíð svo nægur tími gefist í ferlið. Ef viðkomandi ráðherra hefur athugasemdir við störf sitjandi forstöðumanns þarf viðkomandi ráðherra að ræða slíkt strax við viðkomandi embættismann. Ákveðið að ræða þessi málefni á næsta fundi með KMR, þ.e um stöðu þessara mála, samræmingu á verklagi, hvort tilefni sé til að útbúa verklagsreglur um hvernig hæfisnefndir skuli skipaðar o.fl.

7. Erindi félagsmanns. Beiðni um aðstoð vegna stjórnsýslumáls

Félagsmaður hefur óskað eftir fjárhagsaðstoð félagsins vegna stjórnsýslumáls er lýtur að sektargerð lögreglu vegna brots á sóttvarnalögum. Stjórn tekur undir með viðkomandi félagsmanni að það sé verulegt umhugsunarefni að mál sem þetta fari á sakaskrá viðkomandi félagsmanns. Reglur um sóttvarnir voru á þessum tíma ekki alveg skýrar auk þess sem engar leiðbeiningar fengust frá lögreglu þótt eftir þeim væri leitað. Að mati stjórnar er um fordæmisgefandi réttindamál forstöðumanna almennt að ræða og telur stjórn mikilvægt að þetta mál sé til lykta leitt.

Ákveðið að upplýsa KMR um málið og benda á að telji viðkomandi ráðherra að umræddur félagsmaður hafi brotið sóttvarnareglur og að rétt sé að hann fái brotið á sína sakaskrá er rétt að ráðherrann áminni viðkomandi. Svo hefur ekki verið gert í þessu tiltekna máli, hvorki áminnt né tiltal veitt.

8. Erindi félagsmanns vegna viðbragða ráðuneytis við álit umboðsmanns Alþingis

Farið yfir svar umboðsmanns Alþingis til félagsmanns vegna erindis tengt niðurstöðu fjármálaráðuneytisins um að fara ekki að álit umboðsmanns sbr. mál hans nr. 10343/2019 og 10475/2020.

Til umræðu kom hvort að stjórn ætti að álykta vegna afstöðu ráðuneytisins. Ákveðið var að fara með málið á næsta samráðsfund og leita svara við því hvernig ráðuneytið hyggist „skerpa enn frekar á þeirri afstöðu sinni um að ákvarðanir skv. 39. gr. a. séu ekki stjórnvaldsákvæðanir“ eins og ráðuneytið segir í svari sínu til umrædds félagsmanns, auk þess sem ráðuneytið tekur fram að vinna við það sé hafin innan ráðuneytisins, „til að taka af öll tvímæli“.

9. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar verður bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

10. Stjórn starfsmenntunarsjóðs embættismanna

Ráðuneytið óskaði eftir því við FFR að félagið tilnefndi fulltrúa í stjórn sjóðsins. Félagið tilnefndi Margréti Hauksdóttur forstjóra Þjóðskrár. Nú hefur ráðuneytið óskað eftir því að félagið tilnefni líka karlkyns einstakling. Ákveðið að fá SJ til að skoða með DH og KS.

Önnur mál.

- Ákveðið að setja skýrslu Talnakönnunar um starfskjör forstöðumanna á heimasíðu félagsins.
- Starfsreglur stjórnar. Frestað til næsta fundar.
- Mynd af stjórn. Frestað þar til KS hóar í stjórn í sumar.
- Árnessjóður. DH mun óska eftir fundi með stjórn Árnessjóðs.